

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2001-2002

Síðasta starfsár var þriðja heila starfsár samtakanna. Segja má að enn sé verið að móta hvernig starfsemi félagsins verður háttað en nokkrir viðburðir eru þó orðnir fastir liðir í starfseminni.

Stjórn FENÚR skipti þannig með sér verkum í upphafi starfsárs:

Formaður	Gunnar Bragason
Varaformaður	Pétur Bjarnason
Gjaldkeri	Jóhannes Pálsson
Ritari	Ingi Arason
Meðstjórnandi	Ragna Halldórsdóttir

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 12 stjórnarfundum á tímabilinu auk ýmissa vinnufunda.

Helstu verkefni ársins voru þessi:

Ákveðið var fyrir rúmu ári að ráðast í gerð merkingakerfis fyrir meðhöndlun úrgangs og var vinnuhópur stofnaður til að vinna að því máli. Í honum sátu Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingi Arason og Agnar Guðlaugsson. Þessi hópur sá um hönnun á merkjum og hafði umsjón með kynningu þeirra. Umhverfisráðherra tók merkin formlega í notkun í júlí sl.

FENÚR lagði út fyrir kostnaði við gerð merkjanna en sendi síðan út bréf til félagsmanna og helstu notenda merkinga hér á landi og óskaði eftir framlögum til þessa verkefnis. Viðtökurnar voru mjög góðar og beinn útlagður kostnaður FENÚR vegna þessarar vinnu og hönnunar er óverulegur. Búið er að gera samning um framleiðslu merkjanna við Fjölprent og fara pantanir í gegnum FENÚR.

Þungamiðjan í starfi FENÚR eru starfshóparnir. Þeir eru:

- Urðun, brennsla, spilliefni
 - Hópstjóri: Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Lífrænn úrgangur, minnkun úrgangs, flutningur
 - Hópstjóri: Björn Halldórsson
- Lagaumhverfi, vinnuumhverfi
 - Hópstjóri: Jóhannes Pálsson

Virknir starfshóparnir hefur verið mismikil en framkvæmdastjórnin vill þakka hópstjórn, meðlimum stýrihópa og þeim sem starfað hafa með hópnum fyrir þeirra

störf, en jafnframt hvetur stjórnin félagsmenn FENÚR til þátttöku í hópunum. Virkni starfshópanna er lykilatriði í starfsemi FENÚR, ef við vinnum ekki sjálf í þessum málum þá gerist ekkert.

Það er ljóst eins og fram kom einnig á aðalfundinum í fyrra, að þörf er á starfsmanni, a.m.k. í hlutastarf, til að halda utan um verkefni og efla innra starf samtakanna. Það hefur áður komið fram að starfið verður ekki öflugra en okkar eigin áhugi gefur tilefni til. Það er hins vegar ljóst að félagið getur ekki staðið undir launakostnaði starfsmanns nema meiri tekjur komi til. Við höfum verið í viðræðum við Hollustuvernd um hvort FENÚR og Hollustuvernd geti átt samleið með samnýtingu á starfsmanni. Mikill fjárskortur hrjáir Hollustuvernd og sjóðir FENÚR eru ekki digrir. Nú í mars náðist samkomulag við Hollustuvernd um að Cees A. Meyles verði að hluta kostaður af FENÚR og framlag komi einnig frá Hollustuvernd til vinnu samtals í 2 mannmánuði fyrir félagið. Þar er talsvert horft til öflunar tölfræðilegra upplýsinga, en Cees mun sitja stjórnar- og vinnufundi FENÚR og taka virkan þátt í öllum starfandi starfshópum félagsins.

Verkefni um LCA greiningu sem hentað gæti við íslenskar aðstæður hélt áfram á síðasta starfsári. FENÚR leitaði til aðila í sorphirðu, sorpeyðingu og urðun til að styrkja verkefnið og náðust nægileg framlög til að standa undir þeim hluta sem að FENÚR sneri. Verkefnið er síðan að verulegu leyti styrkt af NORDTEST. Guðmundur Friðriksson frá Línuhönnun mun kynna framvindu málsins á ráðstefnunni sem haldin er í framhaldi af aðalfundinum.

Fulltrúi okkar í STENÚR nefndinni er Ragna Halldórsdóttir. STENÚR hefur unnið undanfarin ár að upplýsingaöflun um umbúðaúrgang og hvernig mögulegt væri að leggja umhverfisgjöld á slíkan úrgang í samræmi við tilskipun ESB. Mjög litlu munaði að lög um umhverfisgjöld á umbúðir yrðu að veruleika sl. vor. Málið stoppaði á síðustu metrunum á Alþingi og hefur vinna staðið yfir síðan þá við endurskoðun málsins. Vonir standa til að nýtt frumvarp verði lagt fram á næsta haustþingi.

FENÚR berast af og til mál frá opinberum aðilum til umsagnar. Stjórn FENÚR hefur óskað eftir því við opinbera aðila að félagið fái til umsagnar mál sem tengjast okkar málaflokkum. Þeim málum sem berast er vísað til viðkomandi starfshópa sem vinna síðan umsögn.

Heimasíða FENÚR hefur verið þökkalega uppfærð með upplýsingum en mun betur má gera. Það stendur til bóta varðandi starfshópana og eru ábendingar frá félagsmönnum vel þegnar varðandi heimasíðuna.

Haustfundur FENÚR var haldinn á Akureyri 2. nóvember. Fundinn sóttu um 40 manns og þar voru flutt mörg áhugaverð erindi. Ætlunin er að slíkur fundur verði árviss viðburður í félagsstarfinu. Að haustfundi loknum voru heimsóknir í 4 fyrirtæki á Akureyri og lauk heimsóknnum með léttum veitingum hjá Útgerðarfélagi Akureyrar.

Ráðgjafarstjórn hefur verið óvirk á árinu. Þar er engu einu um að kenna en næsta stjórn þarf að skoða hvernig virkja megi ráðgjafarstjórn til að efla starf félagsins eins og að var stefnt með skipun hennar.

Undanfarin ár hafa nokkur fyrirtæki og stofnanir í endurvinnslu- og úrvinnslugeiranum tekið sig saman og haldið golfmót. Sl. sumar var mótið haldið í nafni FENÚR á Golfvelli Oddfellowa og tókst vel. Keppnin var liðakeppni og unnu fulltrúar Reykjavíkurborgar.

Formaður sótti aðalfund ISWA sem haldinn var í Stavanger í Noregi sl. haust. Ég vil endurtaka það sem ég sagði hér á aðalfundi í fyrra að innan ISWA eru fjölmargir áhugaverðir starfshópar sem Ísland hefur haft lítil afskipti af. SORPA hefur átt fulltrúa í starfshópi um minnkun úrgangs, en full ástæða er til að hvetja félagsmenn til að kynna sér starfsemi þessara hópa. Þátttakan er á kostnað viðkomandi fyrirtækja, en í þessum starfshópum eru fulltrúar frá mörgum heimsálfum. Umræðan er því mjög alþjóðleg og áhugaverð fyrir þá sem vilja fylgjast með þróun þessara mála í heiminum.

Fjármál þróuðust svipað og gert var ráð fyrir og mun gjaldkeri gera grein fyrir þeim hér á eftir. Tekjur eru rúmlega 2,9 millj. kr. og þar af eru verkefnistengdar tekjur um 1,5 millj. kr., þ.e. með bein útgjöld á móti þessum tekjum. Ljóst er að félagið mun ekki hafa mikið skrifstofuhald með þeim tekjum sem eftir standa. Félagið er með samning við SORPU um vistun félagsins, þar með talið reikningshald og rekstur heimasíðu. Sú stjórn sem kosin verður hér á fundinum þarf að gera átak í öflun nýrra félagsmanna, en umfram allt þarf að leggja áherslu á að starfshópar verði virkir og með því laða fleiri af núverandi félagsmönnum til starfa fyrir félagið.

Starfsáætlun FENÚR 2002-2003 fylgir með í gögnunum ásamt fjárhagsáætlun. Settir eru fram nokkrir punktar, flesta hef ég þegar rætt um en einnig má nefna útgáfu á fréttabréfi sem fráfarandi stjórn hefur verið að skoða. Ætlunin er að útgáfa þess verði að veruleika á næsta starfstímabili.

Samandregið má segja að okkur miðar áfram en okkur miðar frekar hægt. Til að komast betur í gang þurfa allir félagsmenn að gefa aðeins af sér til þátttöku í starfi FENÚR. Þannig náum við þeirri breiðu umræðu sem einkenna þarf samtök eins og okkar. Það er síðan verkefni bæði hópanna og stjórnar samtakanna að koma þeirri umræðu á framfæri til þeirra sem ákvörðun taka í okkar málflokkum.

Með þökk fyrir samstarfið á því starfsári sem nú er að ljúka.

Reykjavík 19. apríl 2002

f.h. framkvæmdastjórnar FENÚR

Gunnar Bragason,
formaður stjórnar.